

Háskóli Íslands líf- og umhverfisvísindastofnun
Askja, Sturlugata 7
102 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2021
UST202102-283/Þ.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Þjósárver

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Þóru Ellenar Þórhallsdóttur hjá líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands, dagsett 16. febrúar 2021, um leyfi til rannsókna innan Þjósárvera.

Þjósárver eru friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 870/2017. Allar athafnir sem geta raskað rústamýrarvist á svæðinu eru óheimilar. Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt í friðlandinu, þ.m.t. áletranir hvers konar, efnistaka úr jökulgörðum o.s.frv. nema með sérstakri heimild Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýrarvist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða rannsóknir á burnirót. Rannsóknin ferri fram á áraurinum neðan við Arnarfellsbrekkur. Í júlí 2021 er áætlað að mæla 200 plöntur sem valdar yrðu tilviljunarkennt. Í sömu ferð verða valdar 40 plöntur (20 karlplöntur og 20 kvenplöntur) sem yrðu fjarlægðar í ágúst sama ár til rannsókna utan svæðis. Plönturnar yrðu merktar með grönnum prikum. Burnirótin vex í breiðum af mosanum melagambra á rannsóknarsvæðinu. Til þess að fjarlægja plönturnar yrði mosanum flett af jarðveginum og settur yfir hann aftur þegar búið væri að fjarlægja plönturnar. Plönturnar verða grafnar upp með höndum eða garðspöðum, settar í grisjupoka og fluttar af svæðinu. Að rannsókninni innan svæðisins og sýnatökuni koma 4 aðilar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni hafa lítilsháttar neikvæð áhrif á náttúrufar á rannsóknarsvæðinu en áhrifin eru tímabundin og afturkræf. Stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum sýnatökunar sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Þóru Ellen Þórhallsdóttur hjá líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum og sýnatöku innan friðlandsins í Þjósárverum sbr. lýsingu hér að ofan í júlí og ágúst 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir leiðangursfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg öðrum gestum og afmá ummerki um hana að sýnatöku lokinni.
- Ganga skal vel frá sárum í mosabreiðum til að koma í veg fyrir mögulega gróðureyðingu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur